

## FRÉTTATILKYNNING

2. nóvember 2001

### **Yfirtaka Mjólkurfélags Reykjavíkur svf. og Lýsis hf. á Fóðurlöndunni hf.**

**Samkeppnisráð hefur ógilt yfirtöku Mjólkurfélags Reykjavíkur svf. og Lýsis hf. á Fóðurlöndunni hf. Ráðið telur að samruninn sem felst í yfirtökunni raski samkeppni og leiði til markaðsráðandi stöðu Mjólkurfélagsins á fóðurmarkaði, en samanlagt hafa fyrirtækin tvö um 75% markaðshlutdeild.**

Þann 29. júní 2001 seldi Búnaðarbanki Íslands hf. og eignarhaldsfélag bankans, Grænibær ehf., alla eignarhluti í Fóðurlöndunni til Mjólkurfélags Reykjavíkur og Lýsis. Eignaðist Mjólkurfélagið 75% af hlutafé í Fóðurlöndunni, en eignarhlutur Lýsis var 25%. Með þessum kaupum öðlaðist Mjólkurfélagið yfirráð yfir Fóðurlöndunni.

Meginstarfsemi Mjólkurfélagsins og Fóðurlöndunnar er áþekkt. Samkeppnisráð telur að sá markaður sem mál þetta í höfuðdráttum tekur til sé markaðurinn fyrir innflutning fóðurgerðarefna, framleiðslu og sölu á alifugla-, svína- og jórturdýrafóðri. Á þessum markaði höfðu Mjólkurfélagið og Fóðurblandan samanlagt um 75% markaðshlutdeild á árinu 2000. Telur samkeppnisráð að þessir miklu yfirburðir samrunafélaganna í markaðshlutdeild gefi einir og sér mjög sterka vísbendingu um að samruninn hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

Þrír aðrir keppinautar eru á markaðnum, en markaðshlutdeild þeirra er mun lægri, eða á bilinu 2 – 17%. Starfsemi þessara keppinauta er auk þess að mestu staðbundin og nær ekki til stærsta markaðssvæðisins á Suð-Vesturlandi. Auk þess hafa Mjólkurfélagið og Fóðurblandan að flestu leyti mikla yfirburði yfir aðra keppinauta á fóðurmarkaðnum þegar litið er til efnahagslegs styrkleika. Telur samkeppnisráð að staða keppinauta samrunafyrirtækjanna eða aðrar aðstæður nái ekki að vinna gegn þeim samkeppnishömlum sem stafa af samrunanum.

Umræddur markaður er lokaður og verndaður. Að honum eru verulegar aðgangshindranir m.a. vegna tollverndar. Þá liggur fyrir að nánast engin nýliðun hefur átt sér stað á þessum markaði lengi. Telur samkeppnisráð því að ekki sé líklegt að nýir keppinautar muni eyða þeim samkeppnishömlum sem munu stafa af yfirtöku Mjólkurfélagsins og Lýsis á Fóðurlöndunni. Þá telur ráðið að viðskiptavinir hins sameinaða fyrirtækis búi ekki yfir nægjanlegum kaupendastyrk til að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans.

Í ljósi þessa telur samkeppnisráð að yfirtaka Mjólkurfélagsins og Lýsis á Fóðurlöndunni leiði til myndunar markaðsráðandi stöðu og hafi mjög skaðleg áhrif á samkeppni. Muni samrunafyrirtækin hafa stórfellda samkeppnislega yfirburði yfir keppinauta sína og geti hagað verðlagningu sinni og viðskiptaskilmálum að verulegu leyti án tillits til keppinauta eða viðskiptamanna sinna. Að óbreyttu gæti samruninn gert fyrirtækjunum kleift að hækka verð sem gæti leitt til þess að verð á afurðum alifugla, svína og nautgripa myndi hækka til neytenda.

Breytingar á samkeppnislögum tóku gildi í desember 2000. Í breytingunum fólst m.a. að samrunaákvæði samkeppnislaga voru styrkt í því skyni að koma í veg fyrir að aukin samþjöppun og fákeppni á markaði komi veg fyrir að neytendur fari á mis við þann ávinning sem hlýst af virkri samkeppni. Í máli þessu er hinu nýja samrunaákvæði beitt í fyrsta sinn til að ógilda samruna.

Í því skyni að tryggja að samruninn gæti samrýmst ákvæðum samkeppnislaga gerðu samrunaaðilar tillögu um að samrunanum yrði sett skilyrði, m.a. um að eignarhlutur Mjólkurfélagsins í Fóðurlöndunni yrði lækkaður í 35% og að stjórnunaráhrif Mjólkurfélagsins í Fóðurlöndunni yrðu takmörkuð. Niðurstaða samkeppnisráðs varð á hinn bóginn sú að setning slíkra skilyrða nægði ekki til að tryggja virka samkeppni milli fyrirtækjanna. Vegna m.a. fákeppni á markaðnum og eignar Mjólkurfélagsins í Fóðurlöndunni myndu fyrirtækin ekki, þrátt fyrir skilyrðin, starfa sem sjálfstæðir keppinautar, heldur taka gagnkvæmt tillit hvort til annars og verða fær um samræmda markaðshegðun, um t.d. að hækka verð. Mjólkurfélagið og Fóðurblandan myndu því öðlast sk. sameiginlega markaðsráðandi stöðu, en umræddar breytingar á samkeppnislögum fólu m.a. í sér að samkeppnisyfirvöldum er heimilt að vinna gegn slíkri markaðspróun.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 29/2001 (38 bls.) er unnt að nálgast á heimasíðu Samkeppnisstofnunar [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is).